

KJARASAMNINGUR
milli
Landsnets hf.
og
Rafiðnaðarsambands Íslands

1.gr.

Síðasti gildandi kjarasamingur framlengist til 31. desember 2010 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í þessum samningi felast. Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008.

2.gr

Á gildistíma samnings þessa breytast launataxtar kjarasamnings sem hér segir:

Við gildistöku	5,5%
1. mars 2009	3,5%
1. janúar 2010	kr. 11.000

7. þrep í launatöflu breytist þannig að í stað 45 ára lífaldurs komi 7 ára starfsaldur hjá Landsneti.

3.gr

Desember- og orlofsuppbætur fyrir fullt starf verða sem hér segir:

Desemberuppbót:	Orlofsuppbót:
Árið 2009 kr. 77.500	Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2009 kr. 77.500
Árið 2010 kr. 79.400	Á orlofstímabilinu sem hefst 1. maí 2010 kr. 79.400

4.gr

Frá gildistöku samningsins greiðir Landsnet 0,13% gjald af heildarlaunum starfsmanna í endurhæfingarsjóð sem starfar samkvæmt sérstöku samkomulagi aðila vinnumarkaðarins.

5. gr.

Ákvæði um veikindi barna hljóði svo:

Fyrstu sex mánuði í starfi hjá Landsneti er foreldri heimilt að verja tveimur dögum fyrir hvern unninn mánuð til aðhlynningar sjúkum börnum sínum undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Eftir 6 mánaða starf verður rétturinn 12 dagar á hverju 12 mánaða tímabili. Foreldri heldur dagvinnulaunum sínum, svo og vaktaálagi þar sem það á við.

Með foreldri í 1. mgr. er einnig átt við fösturforeldri eða forráðamann, sem er framfærandi barns og komi þá í stað foreldrís.

6. gr.

Framlenging samnings

Komi til þess að forsendunefnd Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins, sem fjallar um framlengingu kjarasamninga í byrjun febrúar 2009, nái samkomulagi um breytingu á kjarasamingum skal sama gilda um þennan samning.


[Signature]

[Signature]


Komist forsendunefndin að þeirri niðurstöðu að forsendur hafi ekki staðist og nái ekki samkomulagi um áframhaldandi gildi kjarasamninga, verður heimilt að falla frá framlengingu samningsins frá lokum febrúar 2009. Skal þá sá aðili sem ekki vill framlengingu samningsins skýra frá þeirri ákvörðun og fellur þá samningurinn úr gildi frá lokum febrúar 2009, ella framlengist samningurinn til 31. desember 2010.

Reykjavík, 2. desember 2008

F.h. Landsnets hf.

Gylfi Sigurðardóttir


F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands

Hann Guðrún Þórmarsdóttir


Bókun 1 með kjarasamningi Landsnets og RSÍ dags 2. des. 2008

Aðilar samningsins eru sammála um að taka ákvæði samningsins um slysatryggingar til endurskoðunar.

Bókun 2 með kjarasamningi Landsnets og RSÍ dags 2. des. 2008

Starfsmenn fá greiddar kr. 20.000 í eingreiðslu við gildistöku samningsins

Yfirlýsing með kjarasamningi Landsnets og RSÍ dags 2. des. 2008

Landsnet hf. lýsir því yfir að skoðuð verði innbyrðis röðun starfsmanna fyrirtækisins í launaflokka m.t.t. ábyrgðar, menntunar, færni og annarra þátta sem máli skipta.
Þessari vinnu verði hraðað sem kostur er og lokið eigi síðar en 30. september 2009.